



Verklagsreglur BsVest.

Samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Haraldur Líndal Haraldsson tók saman minnisblað fyrir stjórn BsVest vegna fjárhagsáætlunar og verkferlum henni tengdri.

Minnisblað HLH fór fyrir verkefnahóp BsVest sem kom með breytingar við það sem þurfti, stjórn fór yfir athugasemdir verkefnahóps og útbjó verklagsreglur sem eru hér skrifaðar:


1. Fjárhagsáætlun

BsVest ber ábyrgð á fjárhagsáætlun og því er mikilvægt að hafa skýrar verklagsreglur hvernig unnið sé að áætlunum fyrir hvert ár hjá sveitarfélögum og hvernig fylgst er með áætlunum yfir árið hjá sveitarfélögunum

- 1.1** BsVest gefur út áætluð framlög fyrir árið um leið og þau liggja fyrir frá jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
- 1.2** Sveitarfélög skulu halda sig innan ramma sem jöfnunarsjóður gefur út ár hvert.
- 1.3** BsVest kemur að fjárhagsáætlunargerð frá fyrstu hendi með sviðstjórum eða félagsmálastjórum hvers félagsþjónustusvæðis.
- 1.4** Heildarkostnaður vegna skrifstofu stjórnunar og ráðgjafar má ekki nema meira en 10% af launum og launatengdum gjöldum stjórnunar og ráðgjafar hjá hverju félagsþjónustusvæði fyrir sig.
- 1.5** Umsýslukostnaður er 3% og er reiknaður eftirá hjá BsVest.
- 1.6** Samræmi í kostnaði innan málaflokksins og milli þjónustusvæða sé gætt.
- 1.7** Framkvæmdastjóri fundar reglulega eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, með fjármálastjóra og sviðstjóra/félagsmálastjóra til að fara yfir liði sem falla undir BsVest.

2. Viðaukar

Með vísan til 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, skal ósk um viðaukar berast áður en til útgjalda er stofnað sem ekki er heimild fyrir.



- 2.1** Komi til þess að aðildarsveitarfélag stofni til útgjalda umfram fjárhagsáætlun (fjárheimild) getur það leitt til þess að greiðslur fái ekki frá BsVest vegna þeirra útgjalda. Þetta eigi sérstaklega við ef umfram útgjöldin rúmast ekki innan þess fjármagns sem BsVest hefur til ráðstöfunar vegna viðkomandi árs.
- Vísað er í 94. gr. sveitarstjórnarlaga sem fjalla um byggðasamlög:
„Tryggt skal að umboð stjórnar byggðasamlags til að skuldbinda aðildarsveitarfélög sé í samræmi við reglur laga þessara um fjármál sveitarfélaga, þ.m.t. bindandi gildi fjárhagsáætlunar næstkomandi árs.“
 - Einnig segir í 6 mgr.
„Byggðasamlög lúta að öðru leyti ákvæðum laga þessara um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, fjármál, fjárhagsáætlanir og endurskoðun ársreikninga og stjórnarsýslueftirlit og þeim almennu reglum sem að öðru leyti gilda um störf sveitarfélaga og annarra stjórnvalda.“
- 2.2** Í þessum ákvæðum kemur fram skýr vilji löggjafans um að sú staða komi ekki upp í samskiptum sveitarfélaga og byggðasamlags að útgjaldaskuldbindingar séu hærrí en fjárhagsáætlun segir fyrir um.
- 2.3** Mikilvægt er að stjórn BsVest taki fyrir viðauka áður en sveitarfélög/félagsþjónustusvæði samþykki þá hjá sér.
- 2.4** Með viðaukum þarf að vera skýr greinargerð.

3. Uppgjör ársins

Þar sem BsVest er á ábyrgð sveitarfélagana og mikilvægt er að uppgjör vegna BsVest sé í réttu ferli.

- 3.1** Útkomuspá, þriðji ársfjórðungur, farið yfir fyrstu vikuna í nóvember
- 3.2** BsVest fær aðalbækur sveitarfélagana um leið og þær eru tilbúnar áður en þær eru samþykktar og lokaðar hjá sveitarfélögunum.
- 3.3** Stjórn fær að koma með athugasemdir ef einhverjar eru áður en sveitarfélög loka aðalbókum sínum en þó eigi síðar en í lok febrúar ár hvert.
- 3.4** Sagt er í reglugerð um bókhald, fjárhagáætlanir og ársreikningar sveitarfélaga: *Byggðasamlög sveitarfélags sem falla undir B-hluta þess skulu í samanteknum reikningsskilum meðhöndluð á sama hátt og fyrirtæki sveitarfélags. Í skýringum ársreiknings sveitarfélags skal þó sérstaklega gerð grein fyrir hlutdeild sveitarfélagsins í heildareignum og heildarskulddum byggðasamlagsins. Mikilvægt er því að uppgjör vegna BsVest verði hjálagað sem allra fyrst á nýju ári til þess að hægt sé að ganga frá ársreikning BsVest áður en ársreikningur sveitarfélagana er samþykktur.*



4. Útsvar sveitarfélaga

Til málaflokksins renna 0,99 prósentustig af hækkun álagningarprósentunnar en 0,25 prósentustig af hækkuninni ganga beint til sveitarfélaganna. Útsvarsprósetan var hækkuð um 0,04 í ársbyrjun 2014.

4.1 Útsvar sveitarfélaga innan BsVest er gert upp í febrúar árið eftir.

4.2 Útsvar sveitarfélaga vegna komandi árs er gefið út af sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

5. Ný úrræði

Öll ný úrræði þurfa að vera samþykkt af stjórn þegar verkefnahópur hefur lokið af umsögn og kallað eftir kostnaðarmati á úrræðinu.

5.1 Ný úrræði innan sveitarfélaga/félagsþjónustusvæða BsVest fara fyrir verkefnahóp BsVest og síðar stjórn þegar búið er að kostnaðarmeta og verkefnahópur hefur samþykkt að senda nýtt úrræði áfram til stjórnar

6. Annar kostnaður

Mikilvægt er að hafa skýrar verklagsreglur er varðar kostnað sem fellur til og er ekki innan fjárhagsáætlunar.

6.1 Kostnaður sem fellur til vegna reksturs málaflokksins, svo sem bótagreiðslur, sem rekja má til stjórnarsýslu viðkomandi sveitarfélags, fellur alfarið á viðkomandi sveitarfélag.

6.2 Ef koma upp álitamál varðandi þetta er mikilvægt að BsVest verði með frá upphafi og stjórn BsVest sé upplýst um málið frá sveitarfélaginu.

6.3 Öll álitamál hjá sveitarfélögum þar sem möguleiki er á lögfræðikostnaði eða bótagreiðslum innan málaflokksins er mikilvægt að stjórn BsVest sé upplýst um leið og málið kemur upp og hægt sé að meta hver tekur málið áfram.

6.4 Í einhverjum tilfellum, sem samþykkt eru af stjórn BsVest, tekur BsVest málið yfir með viðkomandi sveitarfélagi sem málið varðar.



7. Uppgjör

Mikilvægt er að stjórn BsVest geri upp BsVest áður en að aðalbók sveitarfélagana fyrir árið er lokað þannig að hægt sé að gera upp ef sveitarfélag(félagsþjónustusvæði nýtir ekki allt framlagið eða ef sveitarfélag/félagsþjónustusvæði fer fram úr áætlun.

7.1 BsVest er gert upp ár hvert

7.2 Aukakostnaður/viðaukar er skýrt hvernig á að vinna með í verkreglum hér fyrir ofan.

7.3 Ef framlag frá BsVest til sveitarfélagana/félagsþjónustusvæðanna er meira en þjónustan gerir ráð fyrir er mikilvægt að sveitarfélög/félagsþjónustusvæði endurgreiði framlagið til BsVest og BsVest endurreiknar framlögin til sveitarfélagana/félagsþjónustusvæðanna.

7.4 Á meðan BsVest stendur í skuld við sveitarfélögin síðan 2015 er mikilvægt að allt það framlag sem ekki er nýtt í þjónustu komi til baka til BsVest og skuld BsVest við sveitarfélögin greidd niður.

7.5 Þegar skuldin verður að fullu greidd þarf að taka upp verklagsreglur BsVest og finna aðra lausn.

7.6 Ef sveitarfélögin nýta meira fjármagn en gert er ráð fyrir í framlögum jöfnunarsjóðs vegna málaflokksins er skuldinni skipt á milli sveitarfélaga eftir íbúafjölda. Vegna þessa er mikilvægt að fara eftir verklagsreglu 1.1 og 1.2 að halda sig innan þess ramma sem BsVest gefur út ár hvert.

Sveitarfélag		Upphafl. Skuld	Viðb. Framl 2016	Eftirstöðvar 2016	viðb. Framl. 2018	Eftirstöðvar 2019
Bolungarvík	13%	9.465.182 kr.	3.380.272	6.084.910 kr.	1.078.236	5.006.675 kr.
Ísafjarðarbær	52%	37.214.676 kr.	13.290.366	23.924.310 kr.	4.312.943	19.611.368 kr.
Reykhólahreppur	4%	2.748.287 kr.	981.488	1.766.799 kr.	331.765	1.435.034 kr.
Tálknafjarðarhreppur	4%	3.127.715 kr.	1.116.991	2.010.724 kr.	331.765	1.678.959 kr.
Vesturbyggð	14%	10.275.312 kr.	3.669.591	6.605.721 kr.	1.161.177	5.444.544 kr.
Súðavíkurhreppur	3%	2.091.980 kr.	747.102	1.344.878 kr.	248.824	1.096.054 kr.
Árneshreppur	1%	553.759 kr.	197.762	355.997 kr.	82.941	273.056 kr.
Kaldrananeshreppur	2%	1.148.538 kr.	410.174	738.364 kr.	165.882	572.481 kr.
Strandabyggð	7%	4.850.521 kr.	1.732.252	3.118.269 kr.	580.588	2.537.681 kr.
						37.655.851 kr.

Hérna fyrir neðan er skuldin eins og hún er í dag: